

*Alþingi
Erindi nr. P 136/138
komudagur 18.11.2008*




Nefndasvið Alþingis,
Til félags- og tryggingamálanefndar Alþingis,
b.t. Hildar Evu Sigurðardóttur,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn um frv. t. l. um breytingu á l. um félagslega aðstoð nr. 99/2007

Ég vil, fyrir hönd stuðningshópa Krabbameinsfélags Íslands og með tilliti til annarra þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra, lýsa yfir stuðningi við rýmkun á ofangreindu lagaákvæði. Þar eru heimilaðar umönnunargreiðslur til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með elli- eða örorkulífeyrisþegum.

Ég tel að þessi breyting hafi jákvæð áhrif við umönnun krabbameinssjúklinga og geti í mörgum tilfellum aukið lífsgæði þeirra og gert þeim kleift að dvelja lengur á eigin heimili. Aðstandendur krabbameinssjúklinga hafa stundum þurft að minnka við sig vinnu til að hugsa um ættingja eða vin sem dvelst heima með langt gengið krabbamein. Þessi breyting er til þess fallin að styðja við slíka aðstoð og mun vafalaust einnig skila sér í sparnaði fyrir heilbrigðiskerfið.

Með vinsemd og bestu kveðjum,


Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri

Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík
S: 540 1900
www.krabbameinsfelagid.is

*Krabbameinsfélagið er áhugamannafélag rekið fyrir
velvild almennings. Þitt framlag skiptir máli!*